reykjavík

»...ofbeldisfullar bækur sleppa furðu vel við umræðina - ef utan er kannski talin bókin um Tíu litlu negrastrákana ... 36



Morgunblaðið/Brynjar Gauti
Ægir Jónsson, Jónas Ingi Haraldsson og Eggert Böðvarsson fóru á tónleika.

» Hljómsveitir á borð við Klístur og Shogun hristu vel upp í gestum í Austurbæ, á tónleikum Unglistar 2007.




Helgi Kristinn Björnsson og Hugi Leifsson.



Malena Þórisdóttir og Sigrún Sif Þorbergsdóttir í góðu tónleikastuði.



Mikkel Schmidt og Jeppe Skow.



Kári Árnason og Hjalti Óskarsson.

Flugan

... Aðalsmenn og dökk dramatík í Liborius ...



... með sitt síða hár og gotneska yfirbragð ...

Skálað var ótt og títt fyrir Minnisbók skáldsins Sigurðar Pálssonar í versluninni Liborius á laugardagseftirmiðdaginn en kaupmaðurinn á þeim bæ hyggst fylgja fordæmi kunnra úrvalsverslana í París sem kynna reglulega sérvalin bókmenntaverk. Það var því elegant og sérlega vel til fundið að aðalsmaðurinn Sigurður Páls hleypti þeirri nýjung af stokkunum enda leitun að öðrum eins heimsborgara og honum. Bókin hans mun eingöngu fást í Liborius fyrstu vikuna eftir útgáfu en að því búnu verður henni dreift í bókabúðir með venjulegum hætti. Sniðugt uppátæki. Liborius er ein eftirlætisverslana flugu sem strauk vængjum sínum dreymandi yfir dýr fötin og svarti liturinn var allsráðandi; dramtík og dulúð í aðalhlutverki. Ótalmargar persónur voru mættar í útgáfuveisluna og fittaði þar best inn Stephan Stephensen úr GusGus, einnig kallaður President Bongo, með sitt síða hár og gotneska yfirbragð. Hélt í örstutta stund af hann væri sérhönnuð karlmannsgína í búðinni dulmögnuðu en fattaði svo að hann væri frekar riddari úr hirð Sigurðar. Rithöfundurinn Einar Kárason mætti kátur með sinni fögru frú og sagði gestum og gangandi sögur. Skáldið Þórarinn Eldjárn kom líka og upptekni útgefandinn Jóhann Páll Valdimarsson stakk inn nefinu til að taka púlsinn á málum. Fluga tók flugið niður Laugaveginn þótt hún væri nett hífuð eftir kampavínið og rak þá öll forvitnu augun sín í Svavar tískulöggu hárgreiðslumann og Eddu Hauksdóttur vinkonu hans sem sátu að snæðingi á veitingahúsinu Tívolí.

... Sexí systur og tvöföld opnun ...

Undirfatabúðin Systur - Lingerie Boutique opnaði nýja verslun að Laugavegi 70 á föstudaginn og mætti rennblaut fluga inn úr helliregninu í opnunarkokkteilinn og fjárfesti í seiðandi samfellu fyrir kvöldið en þá var tvöföld opnun í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi. Það voru listamennirnir Hreinn Friðfinnsson og Karlotta Blöndal sem sýndu verk sín og enn og aftur létu borgarbúar ekki rigninguna miklu stöðva sig í að mæta á spennandi viðburði, eins og Haraldur Jónsson, myndlistarmaður, leikarinn Eggert Þorleifsson og Eggert Pétursson listmálari. Varð hálf smeyk að skoða verk Karlottu um miðilsstarf og róaðist ekki við túlkun náttúrunnar sem er í veigamiklu hlutverki í verkum Hreins sem einkennast annars af draumum, þjóðsögum, sjónblekkingum og hinu yfirnáttúrulega.

Það var hressandi að fljúga aftur út í beljandi rigninguna og rokið.

» Verk Hreins Friðfinnssonar glöddu listunnendur á opnun í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, á föstudagskvöldi



Á opnun sýningar Hreins voru þeir Birgir Snæbjörn Birgisson og Gústaf Óskarsson.



Morgunblaðið/Brynjar Gauti
Gísli Reginn Pétursson og Kolbeinn Hugi Höskuldsson virtu fyrir sér myndlist.



Valdís Bjarnadóttir, Þorvaldur S. Þorvaldsson og Gunnar Ingi Ragnarsson.



Þorsteinn frá Hamri og Laufey Sigurðardóttir í góðu skapi.



Morgunblaðið/Brynjar Gauti
Edda Jónsdóttir og Eggert Pétursson.

» Ný undirfataverslun, Systur, var opnuð við Laugaveg. Nærhöld í öllum regnbogans litum og af ýmsum gerðum.



Ragnheiður og Silvía Eðvardsdætur, eigendur verslunarinnar Systur.



Guðný Grendal og Agla Rún Jóhannsdóttir.



Katrín Atladóttir og Sveinn Friðri Sveinsson.



Vinkonurnar Kristín og Sigríður Eyrún.